

# Aðalfundur Fonts

smábátafélag Kópasker - Vopnafjörður

haldinn á Þórshöfn 28. september 2017

## Ályktanir til 33. aðalfundar LS

### **Strandveiðar**

1. Aðalfundur Fonts leggur til að fyrirkomulagi strandveiða verði breytt. Í stað þess að heimilt verði að veiða 650 þorskígildi á dag verði miðað við 4 daga og 2.600 þorskígildi samtals í hverri strandveiðiviku.

#### Greinargerð

Tillögunni er gert að auka hagræði við veiðar. Koma til móts við hæggenga báta þegar langt þarf að sækja. Auka gæði afla og auka umhverfisvænleika veiðanna með minni eldsneytisnotkun. Þá mun tillagan leiða til jafnara framboðs á markaði og herra fiskverðs. Með breytingunni munu líkur á að bæta við manni í áhöfn aukast vegna aukinnar hagkvæmni við veiðarnar, skref til aukinnar nýliðunar.

2. Aðalfundur Fonts er samþykkur stefnu LS um strandveiðar – 4 dagar í viku frá 1. maí til 31. ágúst – að ekki komi til stöðvunar á tímabilinu.
3. Aðalfundur Fonts leggur til að leyfi til strandveiða falli úr gildi þegar veiðum er lokið í ágúst.

### **Makrill**

Aðalfundur Fonts tekur undir kröfuna um að aflaheimildir færabáta í makrill verði 16% af leyfilegum heildarafa og reglugerð um kvótasetningu smábáta verði felld úr gildi.

### **Veiðar á ufsa**

Aðalfundur Fonts skorar á stjórnvöld að afnema allar takmarkanir á handfæraveiðum á ufsa, þar með talið að hann teljist ekki til viðmiðunar við strandveiðar.

## **Grásleppuveiðar**

1. Aðalfundur Fonts beinir því til þeirra er málið varðar, að óheimilt er að landa grásleppu af bátum sem ekki hafa veiðileyfi til grásleppuveiða. Ennfremur að utan leyfilegs veiðitíma ber að sleppa allri grásleppu sem veiðist.
2. Aðalfundur Fonts lýsir áhyggjum af lækkandi verði á grásleppuhrognum. Frá því sjómenn hófu að landa grásleppu og selja hana óskorna hefur verð á hrognum ekki náð til þeirra hæða sem búist var við. Við vinnslu grásleppunnar leggst á mikill kostnaður sem verðfellir hrognin. Það er skoðun aðalfundar Fonts að sjómenn íhugi það vandlega hvort ekki sé rétt að skera grásleppuna um borð og láta lífríki sjávar njóta þess sem til fellur þar til viðunandi verð fæst fyrir skorna grásleppu.
3. Aðalfundur Fonts leggur til að LS sjái alfarið um miðlun og sölu á grásleppu og grásleppuhrognum.

## **Byggðakvóti**

Aðalfundur Fonts leggur til að úthlutun á byggðakvóta verði ekki lægri en 100 tonn til viðkomandi byggðarlaga.